



23. janúar 2025

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-1/2025 í samráðsgátt stjórnvalda

Verum hagsýn í rekstri ríkisins

Hagsmunasamtök heimilanna eru almannaheillasamtök til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu með áherslu á réttindi neytenda á fjármálamarkaði, einkum vegna fjármögnunar húsnæðis. Samtökin hafa á undanförunum árum haldið úti ráðgjafarþjónustu fyrir fólk sem vill standa vörð um fjárhagsleg réttindi sín eða á í fjárhagslegum erfiðleikum og þarf að endurskipuleggja fjármál sín. Til að standa undir kostnaði við þessa starfsemi hefur verið leitað eftir opinberum framlögum og hafa meðal annars fengist tilfallandi styrkir frá þeim ráðuneytum sem fara með félagsmál og neytendamál.

Nauðsyn stuðnings við úrræði vegna fjárhagserfiðleika

Fjárhagserfiðleikar geta valdið langvarandi fjárhagskvíða með tilheyrandi neikvæðum félagslegum og heilsufarslegum afleiðingum, ekki aðeins fyrir viðkomandi einstaklinga heldur heilu fjölskyldurnar og þar eru börn ekki undanskilin. Slíkir erfiðleikar geta valdið miklu álagi og leitt til aukinnar vanlíðunar, fjarvista frá vinnu eða námi, veikinda og skerðingar á lífsgæðum. Óhjákvæmilega geta slík vandamál svo leitt til þess að hlutaðeigandi þurfa að leita á náðir velferðarkerfisins eftir aðstoð og úrræðum. Hver einasta króna sem varið er í forvarnir og lausnir á slíkum vandamálum getur skilað sér margfalt í sparnaði með því að draga úr þjónustupörf í opinberum velferðarkerfum til lengri tíma.

Algengt er að almannaheillasamtök fari með hlutverk á sviði forvarna og skaðaminnkunar og njóti við það stuðnings frá hinu opinbera í formi fjárframlaga, enda hefur reynslan sýnt að slík samtök geta oft gegnt lykilhlutverki í því sambandi, samhliða hinu opinbera. Að mati Hagsmunasamtaka heimilanna ættu sömu sjónarmið að eiga við um þá starfsemi og þjónustu sem samtökin halda úti í tengslum við forvarnir og úrræði vegna fjárhagserfiðleika. Reynsla samtakanna styður það og eru ótal dæmi um að tekist hafi að leysa úr málum einstaklinga sem til þeirra hafa leitað með farsælum og hagkvæmum hætti, ekki síst í tilvikum þar sem opinber úrræði hafa brugðist eða ekki reynst árangursrík.

Samkvæmt framansögðu getur það aukið framleiðni og sparnað í opinberum rekstri til langs tíma sbr. 2. tölulið í upptalningu atriða sem líta mætti til í ofangreindu samráðsmáli, að styðja nægilega vel við samtök sem veita samfélagslega mikilvæga þjónustu til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra. Þetta snýr þannig að Hagsmunasamtökum heimilanna að undanfarin misseri hefur verið starfandi ráðgjafi í einu fullu stöðugildi við að veita þjónustu af hálfu samtakanna. Opinber framlög hafa staðið undir kostnaði við þá þjónustu að hluta til en ekki nægt til þess að fullu. Er því hvatt til þess stjórnvöld hugi að því að tryggja samtökunum næg framlög til að fjármagna að minnsta kosti þetta eina stöðugildi, enda muni það eins og fyrr segir skila sér á móti með auknum sparnaði í opinberum velferðarkerfum.

Hugmyndir um hagræðingu í réttarúrræðum

Hér á landi eru starfræktar yfir 60 úrskurðarnefndir á stjórnarsýslustigi, með tilheyrandi kostnaði vegna umsýslu og starfsaðstöðu. Taka mætti til athugunar að skapa a.m.k. einhverjum af þessum nefndum sameiginlegan vettvang, án þess þó að sameina þær eða fækka þeim. Með því er ekki endilega átt við að komið verði á fót sérstökum stjórnarsýsludómstól, heldur gæti það verið einhverskonar skrifstofa þar sem slíkar nefndir gætu haft starfsaðstöðu. Með því að hafa þá aðstöðu á sama stað gæti verið hægt að samnýta húsnæði og aðra aðstöðu ásamt stoðþjónustu á borð við móttöku, ritara, aðföng, umsjón með tæknimálum, vefsvæðum o.s.frv. Með því gæti jafnframt skapast tækifæri til að mynda samræmt viðmót á starfsemi slíkra nefnda og bæta þannig aðgengi almennings að þjónustu þeirra.

Einnig mætti taka til athugunar að innleiða svokallaða smámálameðferð fyrir dómstólum eða í þar til gerðri deild innan þeirra. Slík úrræði þekkjast víða í nágrannalöndum, t.d. Bretlandi (e. *Small Claims Court Procedure*). Með því er átt við einfaldaða málsmeðferð þegar um er að ræða fjárkröfur sem eru frekar lágar eða mál sem eru svo einföld í eðli sínu að ekki er nauðsynlegt að þau séu flutt munnlega heldur væri skrifleg málsmeðferð nægileg. Með því mætti spara kostnað við fyrirtökur og þinghöld sem krefjast mætingar aðila í dómsal, gera málsmeðferð skilvirkari og stytta málsmeðferðartíma. Jafnframt gæti þá skapast tækifæri til að gefa almenningi auðveldara um vik að sækja rétt sinn í slíkum málum, svo sem með því að bjóða upp á notkun staðlaðra eyðublaða til að gera grein fyrir kröfum málsaðila án þess að þurfa að ráða lögmann til formlegrar stefnugerðar og málflutnings. Slík málsmeðferð ætti að sjálfsögðu að vera valfrjál og ekki útiloka hefðbundna málshöfðun.


Loks leggja Hagsmunasamtök heimilanna til að vanskilainnheimta námslána sem hefur fram að þessu verið falin einkaaðilum með ærnum tilkostnaði, verði þess í stað falin innheimtumönnum ríkissjóðs. Samkvæmt umsögn Sýslumannsins á Norðurlandi Vestra um drög að frumvarpi um Stuðningssjóð námsmanna sem varð að lögum um Menntasjóð námsmanna (mál nr. S-180/2019 í samráðsgátt), taldi embættið það geta falið í sér verulega hagræðingu að ríkið standi sjálft að innheimtu krafna ríkisins og stofnana þess, bæði fyrir kröfuhafa en ekki síst fyrir skuldara sjálfan. Enn fremur er lagt til að undanþága skulda vegna námslána frá áhrifum gjaldprotaskipta skv. 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, verði afnumin. Það myndi hafa í för með sér talsverðan sparnað kostnaðar vegna árangurslausra innheimtuaðgerða. Auk þess myndi það gera greiðendum námslána sem verða gjaldprotu auðveldara að koma fjármálum sínum aftur á réttan kjöl sem myndi draga úr neikvæðum félagslegum og heilsufarslegum afleiðingum fjárhagserfiðleika sem aftur gæti dregið úr þjónustubörf velferðarkerfa og sparað þannig stórfé, sbr. umfjöllun í fyrri hluta þessarar umsagnar.

Að endingu er rétt að fram komi að Hagsmunasamtök heimilanna eru ávallt tilbúin að eiga samtal og samvinnu við stjórnvöld á hverjum tíma um leiðir til að hagræða í þágu almennra borgara, einkum og sér í lagi með hverjum þeim hætti sem er til þess fallinn að bæta réttarstöðu og lífsgæði þeirra.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, formadur@heimilin.is